

AUGLÝSING

um friðlýsingu íbúðarhússins við Litlubæjarvör 4 á Álftanesi í Garðabæ.

Með vísan til 3. mgr. 18. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ákveðið að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands að friðlýsa íbúðarhúsið við Litlubæjarvör 4 á Álftanesi í Garðabæ, fastanr. 2081564, landnr. 123404. Friðlýsingin tekur til ytra borðs hússins og frágangs gólfs, lofts og veggja í stofurými og miðjugangi innan dyra.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 24. janúar 2022.

Guðlaugur Þór Þórðarson
umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Páll Magnússon.

B-deild – Útgáfudagur: 8. febrúar 2022